

Minnisblað

1712117 - Starfshópur um starfsaðstæður í leikskóla

Í kjölfar skýrslu starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskólum sem starfaði á vormánuðum og skilaði af sérskýrslu í júlí síðastliðinn er mikilvægt að halda vinnunni áfram innan sviðsins. Fyrir liggja fjórar tillögur sem hafa verið lagðar fyrir ráðið en þarfnast frekari úrvinnslu og eftirfylgni. Auk þess er mikilvægt að halda vinnunni við bættar starfsaðstæður innan leikskólanna áfram og efla samtalið við leikskólasamfélagið. Hópurinn setti sér fram fim tillögur:

- ✓ Auka rými fyrir hvert barn í leikskólum, fækka börnum á deildum
- ✓ Loka leikskólum milli jóla- og nýárs
- ✓ Stytting vinnuviku í 37,5 klst.
- ✓ Sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla
- ✓ Þróa vistunartíma með hagsmuni og þroska barna í huga

Rými hefur verið auki á hvern nemanda og úttekt á rýmum leikskólanna farið fram. Nauðsynlegt er að skoða tillöguna áfram með fjölda í barnahópum elstu deilda í huga. Unnið er að því að upplýsa og kanna þörfina á opnun leikskólanna milli jóla og nýárs og möguleika á lokun leikskólanna á þeim tíma meðal foreldra. Fræðsluráð hefur samþykkt og sett af stað starfshóp sem skoðar möguleikann á að gera tilraun með styttingu vinnuvikunnar á leikskólum. Sex tíma gjaldfrjáls skóli fékk lengstu umfjöllunina í starfshópnum og liggur fyrir greinagóð skýrsla um þá framkvæmd, kostnað og útfærslu. Ekki hefur verið farið í frekari vinnu við þróun vistunartímans.

Ljóst er að vinnu við bættar starfsaðstæður er ekki lokið og mikilvægt að halda henni áfram. Fræðslustjóri leggur til að fagleg skipaður hópur verði settur af stað sem fyrst til að halda vinnunni áfram með það að markmiði að skoða fleiri leiðir og koma tillögum hópsins til framkvæmda.

Virðingarfyllst,



Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu